

# STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1988

---

---

31. maí 1988

89

Nr. 43

## AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Þorsteins Pálssonar forsætisráðherra hefur Friðriki Sophussyni iðnaðarráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

*Forsætisráðuneytið, 31. maí 1988.*

F. h. r.

**Guðmundur Benediktsson.**

31. maí 1988

Nr. 44

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á bráðabirgðalögum nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja fyllri ákvæði um efni 8. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

8. gr. bráðabirgðalaganna orðist svo:

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988. Með fjárskuldbindingum í þessu sambandi er átt við sparifé og lánsfé.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Seðlabanki Íslands að fengnu samþykki viðskiptaráðherra auglýst reglur, er leyfi innlánsstofnunum að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en tveggja ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. maí 1988.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

A 7